

Garðabær-Bæjarskrifstofur
Sólveig Helga Jóhannsdóttir
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík 11. október 2018
UST201810-053/B.S.
10.05.00

Efni: Sjóvarnargarðar á Álftanesi. Umsögn

Vísað er til bréfs Garðabæjar dags. 3. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreindar framkvæmdir.

Um er að ræða endurbyggingu sjóvarnar við Blikastíg og nýja sjóvörn við Hliðsnes. Framkvæmdirnar eru innan svæðis nr. 117 á náttúruminjaskrá og er verndargildi svæðisins talið vera m.a. „Fjölbreyttar tjarnir, fjörur og grunnsævi með auðugu lífríki.“ Umhverfisstofnun telur að þar sem sjóvarnir er nú þegar að finna nokkuð víða á Álftanesi breyti umræddar framkvæmdir ekki miklu úr því sem komið er, en ástæða væri til að kanna áhrif sjóvarna á svæðið í heild. Sjóvarnir eru að mestu efst í fjörukambi þannig að rask í sjálfri fjörunni verður takmarkað. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umræddar framkvæmdir, en æskilegt hefði verið að gera grein fyrir frágangi svæðis á bak við sjóvörn á Hliðsnesi milli P4 og P6.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur